

REGLUGERÐ

um notkun tölvufarskráningarkerfa í loftflutningum.

1. gr.

Efni og gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um öll tölvufarskráningarkerfi, sem í boði eru eða notuð á Íslandi, svo fremi þau ná til flutningaflugs.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi reglugerð (EB) nr. 80/2009 frá 14. janúar 2009 um hátternisreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2299/89, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2015 frá 11. desember 2015, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5 frá 28. janúar 2016, bls. 277.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 146. gr. c laga um loftferðir, nr. 60/1998, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2016.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Gunnar Örn Indriðason.